



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 30. maí 2025
One: 2208454/KHK

Efni: Ágrip. Rammahluti aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes.

Lögð er fram til afgreiðslu tillaga umhverfissviðs að rammahluta Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 dags. 29. maí 2025. Tillagan er unnin af ALTA og Kópavogsbæ. Svæðið er skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði í gildandi aðalskipulagi, þar sem gert er ráð fyrir þétttri og blandaðri byggð við Borgarlínu. Viðfangsefni tillögunnar snýr einkum að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á gæði byggðar, góðar samgöngutengingar m.a. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrými. Sett er fram heildarsýn fyrir framtíðarþróun svæðisins, sem verður útfærð nánar í deiliskipulagsáætlunum fyrir tiltekna reiti á svæðinu. Tillagan var kynnt á vinnslustigi frá 16. janúar til 21. febrúar 2025.

Tillögunni fylgir greining á áhrifum reitsins á stofnvegakerfið í samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins (SLH) dags. 16. maí 2025, sem VSÓ ráðgjöf vann samkvæmt beiðni Vegagerðarinnar, ásamt umferðargreiningu dags. 13. desember 2024. Þá fylgir tillögunni einnig minnisblað um þróun tillögunnar frá vinnslustigi dags. 30.05.2025.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 3. mars 2025 voru ábendingar og athugasemdir sem bárust á forkynningatíma lagðar fram til kynningar. Skipulagsdeild var falið að vinna áfram tillögu að rammahluta aðalskipulags með þær til hliðsjónar.

Lagt er til við skipulags- og umhverfisráð að samþykkja að auglýsa tillöguna með vísan til 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

F.h. skipulagsfulltrúa

Kristjana H. Kristjánsdóttir
verkefnastjóri

